

## AUGLÝSING

### um menningarsamning við Ítalíu.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu um samvinnu á sviði menningar, vísinda og tækni, sem gerður var í Róm 14. janúar 1999, öðlaðist gildi 20. desember 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.  
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utarríkisráðuneytinu, 31. desember 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

#### Fylgiskjal.

#### **SAMNINGUR milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu um samvinnu á sviði menningar, vísinda og tækni.**

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Ítalíu (hér á eftir nefndar „samningsaðilar“), sem æskja þess að styrkja vinsamleg samskipti landanna tveggja og auka gagnkvæman skilning og þekkingu þeirra í milli með styrkari menningartengslum, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

##### 1. gr.

Markmiðið með þessum samningi er að örva og standa að starfsemi sem styrkir samvinnu landanna tveggja á sviði menningar, vísinda og tækni.

##### 2. gr.

Samningsaðilar skulu efla samvinnu á sviði menntamála, meðal annars með skiptum á sérfræðingum. Samningsaðilar skulu leggja rækt við samvinnu milli háskólastofnana með skiptiheimsóknum háskólakennara og fræðimanna og sameiginlegum rannsóknaverkefnum á áhugasviðum beggja aðila.

Samningsaðilar skulu, með gagnkvæmu samkomulagi og eftir því sem fjárhagur leyfir, efla

#### **AGREEMENT between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Italian Republic on Cultural, Scientific and Technological Cooperation**

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Italian Republic (hereinafter referred to as “the contracting Parties”) desirous to strengthen the friendly relations between the two countries, and to promote mutual understanding and knowledge through more advanced cultural relations, have agreed as follows:

##### Article 1

The aim of this Agreement is to promote and carry out activities aimed at strengthening cultural, scientific and technological cooperation between the two countries.

##### Article 2

The contracting Parties shall promote cooperation in the field of education, inter alia through a possible exchange of experts. The contracting Parties shall foster cooperation among their respective academic institutions through the exchange of professors and researchers, and through common scientific research projects on subjects of mutual interest.

Subject to mutual agreement and within their financial means, both contracting Parties shall

starfsemi stofnana og samtaka til þess að auka menningartengsl milli landanna tveggja og stuðla í hvoru landi um sig að kennslu í tungumáli og menningu hins landsins. Í þessu sambandi getur hvor samningsaðili sett upp á landsvæði hins samningsaðilans sýningar sem eru vitnisburður um listræna og menningarlega arfleifð lands hans. Samningsaðilar skulu stuðla að skiptum á menningarefni milli útvarps- og sjónvarpsstöðva landanna.

Samningsaðilar skulu einnig efla samvinnu skjalasafna, almennra safna og bókasafna með skiptum á upplýsingum, gögnum og sérfræðingum í verndun, varðveislu og viðgerðum á menningarverðmætum, svo og í útgáfumálum, einkum með því að stuðla að þýðingum og útgáfu á bókmenntaverkum hins landsins og bóka-sýningum.

Samningsaðilar skulu greiða fyrir og efla samvinnu til að koma í veg fyrir ólögmetan innflutning, útflutning eða annan flutning menningarverðmæta og koma sér saman um viðeigandi ráðstafanir í því skyni.

### 3. gr.

Samningsaðilar skulu, með gagnkvæmum hætti, bjóða fram styrki til námsmanna og þeirra sem hafa lokið háskólanámi frá hinu landinu, til náms eða rannsókna við háskóla eða svipaðar stofnanir, svo sem listaháskóla og æðri menntastofnanir á sviði hugvísinda, raunvísinda og lista.

### 4. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að samvinnu á sviði tónlistar, danslistar, myndlistar, leiklistar og kvikmyndalistar með skiptiheimsóknum listamanna og þátttöku í hátíðum eða öðrum mikilvægum listviðburðum.

### 5. gr.

Samningsaðilar skulu vinna að þróun vísinda- og tæknisamvinnu á sameiginlegum áhugasviðum milli vísindastofnana og -samtaka, bæði opinberra og einkarekinna, í löndunum tveimur.

### 6. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að miðlun upplýsinga og reynslu á sviði íþróttar og æskulýðsmála.

promote the activities of institutions and associations with a view to strengthening their cultural relations and encouraging the teaching of the language and culture of the other country. In this respect, each contracting Party may send to the territory of the other contracting Party exhibitions illustrating the artistic and cultural heritage of its own country. The contracting Parties shall promote exchange of cultural programs between their respective national radio and television corporations.

The contracting Parties shall also promote cooperation between archives, museums and libraries, through an exchange of information, documentation and experts in the protection, conservation and restoration of cultural assets and in the publishing fields by encouraging, in particular, translations, book exhibitions, and the publication of essays and novels of the other country.

The contracting Parties shall facilitate and promote cooperation in order to prevent any illicit import, export and transfer of cultural assets and they shall agree upon the relevant appropriate measures.

### Article 3

The contracting Parties shall offer, on a reciprocal basis, scholarships to students and graduates of the other country in order to carry out studies and research at graduate and post-graduate level, or at similar institutions such as academies and conservatories in the fields of humanities, science and fine arts.

### Article 4

The contracting Parties shall promote cooperation in the fields of music, dance, visual arts, theatre and cinematography through the exchange of artists and the participation in festivals or other significant events.

### Article 5

The contracting Parties shall promote the development of the scientific and technological cooperation between their two countries' scientific institutions and organizations, both public and private, in sectors of common interest.

### Article 6

The contracting Parties shall encourage the exchange of information and experience in the fields of sport and youth activities.

## 7. gr.

Um tilhögun og fjármögnun þeirrar starfsemi, sem fram fer samkvæmt þessum samningi, skal fara eftir samkomulagi samningsaðila hverju sinni.

## 8. gr.

Samningur þessi öðlast gildi sextíu dögum eftir dagsetningu síðari opinberrar skriflegrar tilkynningar samningsaðila um að innlendri málsmeðferð vegna gildistöku þessa samnings sé lokið.

## 9. gr.

Gildistími samningsins er ótakmarkaður.

Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er sagt samningnum upp eftir diplómátskum leiðum. Uppsögnin öðlast gildi sex mánuðum eftir að hinum samningsaðilanum hefur verið tilkynnt um hana. Hún hefur ekki áhrif á framkvæmd verkefna sem unnið er að og samþykkt eru meðan samningurinn er í gildi, nema báðir samningsaðilar komi sér saman um annað.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem hafa til þess fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Róm 14. janúar 1999 í tveimur frumritum sem hvort er ritað á ítölsku, íslensku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef textunum ber ekki saman skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
lýðveldisins Íslands:  
Björn Bjarnason

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
lýðveldisins Ítalíu:  
Patrizia Toia

## Article 7

The practical arrangements and financial conditions related to the activities carried out under this Agreement shall be decided in each case on the basis of negotiations between the contracting Parties.

## Article 8

This Agreement shall enter into force sixty days after the date of the last written notification by which the contracting Parties have communicated officially to each other the fulfilment of their respective internal procedures for the entry into force of this Agreement.

## Article 9

The period of validity of this Agreement is unlimited.

Each contracting Party may terminate this Agreement at any time through diplomatic channels. The termination shall come into force six months after the other contracting Party has been notified. It shall not affect the carrying out of the programmes under way agreed upon during the period of validity of this Agreement, unless both contracting Parties agree otherwise.

In witness whereof, the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Agreement.

Done at Rome on 14th January 1999 in two originals each one in the Italian, Icelandic and English languages, all texts being equally authoritative. In case of any divergence of interpretation the English text shall prevail.

For the Government of the  
Republic of Iceland  
Björn Bjarnason

For the Government of the  
Italian Republic  
Patrizia Toia